

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Vesturtún 54 og 56, Sveitarfélaginu Álftanesi.

Skv. skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 17. júlí 2008 breytingu á deiliskipulagi einbýlishúsalóðanna Vesturtún 54 og 56, Sveitarfélaginu Álftanesi.

Breytingarnar fólust í því að sótt er um stækkun húss og lóðar Vesturtúns 56. Einnig er byggingarreitur Vesturtúns 54 færður 4 m frá lóðarmörkum Vesturtúns 56. Að öðru leyti er uppdráttur í samræmi við gildandi skilmála.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 20. júlí 2009.

Bjarni S. Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2009